



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/1103**  
**komudagur 20.2.2012**

20.2.2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar þskj. 370 - 316. mál.**

Gerð laga um menningarminjar er ekki einföld og margt er hægt að hengja sig á. Hér er lagt upp í mikilvæga vegferð sem miklu skiptir fyrir dýrmætan minjaarf. Undirritaðar vilja benda á eftirfarandi atriði til skoðunar.

2. grein

„Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Þjóðminjar skulu friðlýstar eða varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands eða á vegum þess í viðurkenndum söfnum“.

Umsögn: Í öðrum greinum frumvarpsins er talað um forngripi og friðlýsingu á fornleifum, húsum og öðrum mannvirkjum.

3. grein

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir frá árinu 1900 eða eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa.“

Umsögn:

- 1) Hér mætti kveða á um að fornleifar skilgreinist sem þjóðminjar eins og sagt er í 21. gr. í fjórða kafla um *Verndun og varðveisla fornminja*: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar“.
- 2) Við setjum spurningamerki við ártalið. Ef skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa og upphald þeirra að greiðast úr fornminjasjóði verður að auka mjög fjármagn í sjóðnum.

4. grein

Í greininni segir: „Til byggingararfs samkvæmt lögum þessum teljast hús, mannvirki og einstakir hlutar þeirra“.

Umsögn:

- 1) Þetta orðalag gæti valdið misskilningi. Hugtakið mannvirki er almennt notað yfir öll jarðföst mannanna verk, þ.m.t. hús. Best færi á að orðinu *hús* verði sleppt í fyrstu setningu 4. gr. þar sem hugtakið mannvirki er skýrt nánar í seinni hluta greinargerðarinnar Taka ætti upp orðalagið hús og önnur mannvirki í öðrum greinum, eins og gert er í 1. gr.



- 2) Óljós munur er á mannvirkjum og fornleifum. Verða allar mannvirkjaleifar fornleifar eftir 100 ár og stangast það þá ekki á við 1900 regluna fyrir fornleifar? Hver á að skrá mannvirkin? Eru það fornleifafræðingar? Segjum að tvær brýr séu á vegi önnur reist 1912 hin 1913 á þá ekki að skrá þessa frá 1913?
- 3) Er í 4. gr er tæmandi listi yfir mannvirki sem þarf að skrá þyrfti þá ekki að skilgreina mannvirki betur? Teljast til mannvirkja t.d. 100 ára frárennslirör, skurðir, vírgirðingar allar götur/vegir, allir rafstaurar, steyptar stéttir, steyptir grunnar?
- Á hverju ári bætist gífurlegur fjöldi „mannvirkja“ inn á listann ef svo er með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir stofnunina og sveitarfélögin. Hvað telst menningarsögulegt, vísindalegt og listrænt gildi og hver metur það? Hvað með mannvirki sem kann að vera byggt við eða aðrar viðbætur eru við sem ekki falla innan 100 ára reglunnar?
- Séu öll hús og mannvirki friðuð með 100 ára reglunni er hætt við að umsýsla með þeim verði alltof umfangsmiki og dýr í framkvæmd bæði fyrir stofnunina, ríki og sveitarfélög. Sú hætta verður til staðar að menn sjái sér þá frekar hag í að rífa eða fjarlægja hús og mannvirki sem eru að detta inn á friðunarskrá.

15. gr.

„Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og [annarra] mannvirkja [...] Minjastofnun Íslands er heimilt að fela tilteknum einstaklingum eða stofnunum er búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja afmörkuð könnunar- og skráningarstörf fyrir stofnunina.

Umsögn: Á Minjastofnun sjálf að annast skráningarnar og fela þær öðrum ef hörgull er á starfsfólki innan stofnunar? Orðalagið „sé heimilt að fela“ öðrum skráningar vísar til að það eigi að heyra til undantekninga, eða hvað?

16. gr.

Áður en gengið er frá aðalskipulagi skulu liggja fyrir upplýsingar sem gefa greinargóða mynd af menningarminjum innan sveitarfélags. Þegar landnýtingaráform samkvæmt aðalskipulagi liggja fyrir er skylt að skráning fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja fari fram á vettvangi á þeim svæðum sem fyrirhugað er að nýta sem atvinnu- eða íbúðarsvæði áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út.

Umsögn: Hvað telst greinargóð mynd af menningarminjum innan sveitarfélags? Ef einungis er verið að gera kröfu um skráningu á deiliskipulagsstigi eru sveitarfélögin mjög misvel sett varðandi skráningu fyrir aðalskipulag. Í sumum sveitarfélögum hefur heildarskráning fornleifa farið fram en annarsstaðar hefur engin skráning verið gerð. Fornleifaskráning á vettvangi hlýtur að teljast eina leiðin til að fá greinargóða mynd af menningarminjum sveitarfélaga.



28. gr.

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Umsögn: Það þyrfti að taka tillit til smærri framkvæmdaraðila til að fyrirbyggja að ekki sé látið vita um fornleifar þar sem þær koma upp. Greinina má skilja þannig allir framkvæmdaraðilar eigi að greiða fyrir rannsóknir. Skilgreina mætti betur hvað teljast umfangsmeiri framkvæmdir og hver eigi að fjármagna minni framkvæmdir.

37. gr.

Umsókn um rannsóknarleyfi, sbr. 2. mgr. 36. gr., skal hafa borist Minjastofnun Íslands minnst fjórum vikum áður en fyrirhuguð rannsókn hefst.

Umsögn: Framkvæmdarannsóknir koma oft óvænt upp og þarf að bregðast við þeim strax og þá þarf að vera möguleiki á hraðari afgreiðslu umsókna. Sjá gr. 38

40. gr.

Öllum gripum og sýnum sem finnast við fornleifarannsóknir skal skilað til Þjóðminjasafns Íslands innan árs frá fundi þeirra ásamt skrá yfir þá í því formi sem safnið ákveður.

Umsögn:

- 1) Sýni sem finnast? Betra orðalag: Öllum gripum sem finnast og sýnum sem tekin eru ...
- 2) Í greininni gætir ákveðins ósamræmis við leyfisreglur. Þegar leyfi fæst frá Þjóðminjasafni um forvörslu gripa ber mönnum að skila inn gripum til forvörslu þremur vikum eftir uppgröft. Þar sem forvarsla tekur oft langan tíma getur þetta valdið því að rannsakendur hafa lítill tíma til griparannsókna áður en gripum er endanlega skilað. Spurning er hvort þyrfti að vera ákvæði um gripaskil eftir lok rannsókna – þ.e.a.s. eftir mest þrjú ár s.kv. þriggja ára rannsóknarleyfi? Að því gefnu að gripir hafi verið forvarðir og séu í viðeigandi geymslum. T.d. á viðurkenndum söfnum.

42. gr

Fornminjasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Sjóðurinn veitir styrki til rannsókna á fornminjum, þar á meðal til fornleifaskráningar, miðlunar upplýsinga um þær og til varðveislu og viðhalds á fornminjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Umsögn: Verið er að útvíkka sjóðinn mikið með að bæta við menningarminjum öðrum en fornminjum. Viðhald og endurgerð báta og bíla eru t.d. gífurlega dýr verkefni og sýnt að sjóðurinn verður að margfaldast frá því sem nú er.

Eigi Minjastofnun sjálf að sjá um fornleifaskráningar innan þjóðlenda er sýnt að stofnunin sjálf sækir um í sjóðinn til skráningar og miðlunar.



Almennt um lögin:

Með 100 ára reglunni um hús og „mannvirki“ mun umsýsla um þessa málaflokka margfaldast miðað við það sem nú er með tilheyrandi kostnaði fyrir Minjastofnun, ríki og sveitarfélög. Erfitt er að sjá að hægt sé að framfylgja lögnum án þess að meira fjármagni sé veitt í málaflokkinn.

1900 reglan fyrir fornleifar er mjög til bóta og gerir fornleifaskráningar markvissari og viðuráðanlegri. Hinsvegar er nokkuð óljóst hvernig flokkurinn „mannvirki“ eða mannvirkjaleifar sker sig frá fornleifum ef friðunarákvæði er á honum samkvæmt 100 ára reglunni. Gildi 100 ára reglan fyrir öll mannvirki (ekki bara þá flokka sem nefndir eru í 4. grein mun skráning fornleifa fara stigvaxandi og verða dýrari með hverju árinu þar sem að viðfangsefnið stækkar frá ári til árs. Hætta er á að of strangar reglur um friðun og viðhald húsa og „mannvirkja“ verði til þess að þau verði látin fara áður en friðunarákvæði taka gildi. Einnig er ekki ljóst hvernig gera á þeim sem hafa yfir eldri „mannvirkjum“ og byggingum að ráða að um sé að ræða friðuð mannvirki.

Glaumbæ, 20. febrúar,  
*Guðný Zoëga*  
*Sigríður Sigurðardóttir*